

Fundargerð

145. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra haldinn miðvikudaginn 20. júní 2012, kl. 14.00 á skrifstofu HNE á Furuvöllum Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. Fráveitumál á Akureyri; kynning á stöðu mála.

Rætt var um fyrirhugaðar úrbætur Akureyrarbæjar á fráveitu bæjarins og fjölmiðlaumræðu um málið og viðbrögð við þeirri umræðu. Akureyrarbær fyrirhugar að gera ákveðnar úrbætur í ár á fráveitukerfi bæjarins, m.a. að lengja fráveitulögn við Sandgerðisbót í u.þ.b. 75 metra í sjó fram. Umræða varð um forsendur fyrir fráveituáætlun Akureyrarbæjar; þ.e. kröfur reglugerða; straummælingar; líkanútreikningar og gerlamælingar. Fráveituáætlun Akureyrarbæjar gerir ráð fyrir að við lok framkvæmda verði öllu skólpi veitt um 500 til 600 metra langa útrás á 40 metra dýpi og að skólphreinsistöð verði reist á landfyllingu norðan Sandgerðisbótar. Lengd útrásar og hreinsun tekur mið af þeirri forsendu að skólpmengun í fjörum og strandsjó verði innan marka við verstu skilyrði, þ.e. í skammdegismyrkri og kulda.

3. Félagsfundur SHÍ þann 4. júní s.l. og fyrirhugað málþing í október; kynning.

Alfreð Schiöth skýrði frá félagsfundi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi þann 4. júní s.l. og áformum um að halda málþing í tengslum við haustfund heilbrigðisfulltrúa um heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga. Á félagsfundi SHÍ var einnig skýrt frá vinnu í stýrihópi á vegum Umhverfissráðuneytisins vegna endurskoðunar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

4. Kynning á HACCP námskeiði sem var haldið þann 23. til 24. maí s.l.

Alfreð Schiöth og Þorkell Björnsson sóttu ítarlegt námskeið um HACCP (þ.e. greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða í matvælaframleiðslu); sem var haldið í Reykjavík dagana 23. og 24. maí s.l. Námskeiðið var heilbrigðisfulltrúum að kostnaðarlausu og einnig sátu námskeiðið margir starfsmenn Matvælastofnunar.

5. Kynning á niðurstöðum mælinga í Boganum á Akureyri vegna bílasýningar þann 17. júní s.l.

Þórey Agnarsdóttir kynnti niðurstöður svifryksmælinga í Boganum á bílasýningu. Umræður urðu um helstu leiðir til að koma í veg fyrir að svifryksmengun fari yfir heilsuvendarmörk. Ráðgert er að funda með forráðamönnum Bogans um málið.

6. Loftgæðamælingar í Mývatnssveit.

Þorkell Björnsson kynnti þær reglur og viðmið sem gilda um mengun í andrúmslofti af völdum brennissteinsvetnis (H₂S). Þá var skýrt frá

niðurstöðum mælinga í Reykjahlíðarþorpinu. Umræða varð um fyrirkomulag vöktunar á svæðinu til lengri tíma.

7. Auto ehf, bílapartasala, Setbergi Svalbarðsstrandarhreppi, kt. 581096-2679, niðurstöður eftirlits.

Skýrt var frá þeim úrbótum sem hafa verið gerðar á lóð Auto ehf að Setbergi í Svalbarðsstrandarhreppi og heilbrigðisfulltrúa falið að fylgjast með framvindu mála.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Hótel Húsavíkurhöfði, f.h. Gistiheimilis Húsavíkur ehf. kt. 710310-0410. Rekstrarleyfi/gististaður flokkur III. Heiti veitinga/gististaðar Hótel Húsavíkurhöfði. **Afgreiðslu frestað.**
2. Húsavík Food Corporation ehf, Logafold 98, 112 Reykjavík, veitingastaður á þaki Björgunarsveitarhússins á Húsavík. Rekstrarleyfi/veitingastaður: fl. III. Heiti veitingastaðar: Pallurinn. **Samþykkt.**
3. Aðalgeir Sævar Óskarsson, kt. 040981-3309, Árholti 16, 640 Húsavík. Gisting að Héðinsbraut 15 Húsavík. Rekstrarleyfi/gististaður: flokkur II. Heiti gististaðar: Héðinsbraut 15. Nýr rekstraraðili. **Samþykkt.**
4. Gunnar Hallgrímsson, kt. 040548-3009, Klambraseli 641 Þingeyjarsveit. Leyfi fyrir nýju húsi/gámi með tveimur herbergum í. Alls verða þá þrjú gistiskálar á einu rekstrarleyfi. Rekstrarleyfi/gististaður: flokkur II. Heiti gististaðar: Langavatn. **Samþykkt.**
5. Stella Rósa, gistiskáli. Gylfi H. Yngvason, kt. 180956-4339, Skútustöðum 660 Mývatn. Rekstrarleyfi: gististaður fl. II. Heiti gististaðar: Stella Rósa. **Samþykkt.**
6. Active North ehf, kt 600112-0580, Hóli Kelduhverfi. Starfsleyfi fyrir hestaleigu í Ásbyrgi. **Samþykkt.**
7. Sumarbúðirnar við Ástjörn, kt. 580269-0609, Ástjörn Kelduhverfi. Starfsleyfi, endurnýjun. **Samþykkt til 1 árs.**
8. Sigurgeir Söebeck kt. 210745-3359, Skarðshlíð 27e. Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir meindýravarnir. **Samþykkt.**
9. Guðmundur Már Sigurbjörnsson kt. 121043-3279 , Tjarnarlundi 2a. Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir garðaúðun. **Afgreiðslu frestað.**
10. Karisma kt. 560512-0310, Linda Rós Magnúsdóttir, umsókn um starfsleyfi fyrir snyrtistofu í Sunnuhlíð 12, Akureyri. **Samþykkt.**
11. Rakara og hárstofan kt. 261054-5589, Jóhanna H. Ragnarsdóttir, umsókn um starfsleyfi fyrir rakara- og hársnyrtistofu, Kaupangi við Mýrarveg, Akureyri. **Samþykkt.**
12. Café Björk (NT-ráðgjöf ehf), kt. 480805-0540, Eyrarlandsvegi 30, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur kaffihúss. **Samþykkt.**
13. Þóra Björg Magnúsdóttir, kt. 071255-7199, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á íbúð að Holtateigi 42, Akureyri, undir nafninu Holtakot. **Samþykkt.**
14. Gísli Hallgrímsson, kt. 300357-7419, umsókn um starfsleyfi fyrir útleigu á sumarhúsi að Brúnalaug í Eyjafjarðarsveit undir nafninu “Brúnalaug Guesthouse”. **Samþykkt.**
15. Geir Árdal, kt. 080257-3849, umsókn um starfsleyfi fyrir Verslunina Vaglaskógi, Þingeyjarsveit. **Samþykkt.**
16. Íslenska gámafélagið ehf., kt. 470596-2289, Réttarhvammi 3, 603 Akureyri. Sorphirða, sorpflutningar og móttaka á endurvinnsluhráefnum. Endurnýjun

starfsleyfis vegna flutnings og útvíkkun starfsleyfis (móttaka á almennu sorpi).
Hafsteinn vék af fundi undir afgreiðslu þessa máls. **Samþykkt.**

17. Endurvinnslan hf., kt. 610789-1299, Furuvöllum 11, 600 Akureyri. Móttaka og endurvinnsla drykkjarumbúða. Nýtt starfsleyfi. **Afgreiðslu frestað.**
18. Púma ehf, kt. 610300-3590, Garðar Sigurðsson, umsókn um starfsleyfi fyrir Tannlæknastofu Garðars, Kaupangi, Akureyri. Nýtt starfsleyfi. **Samþykkt.**
19. Garðtækni kt. 271065-3109, Héðinn Björnsson, Hafnarstræti 19, Akureyri, umsókn um starfsleyfi fyrir garðaúðun. Endurnýjun leyfis. **Samþykkt.**

Önnur mál

Eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga sem snúa að innra eftirliti í matvælafyrirtækjum og sjálfsafgreiðslu í smásöluverslunum voru kynnt í stuttu máli.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.00

Þórdís Rósa Sigurðardóttir, formaður	Alfreð Schiöth
Sigurjón Jóhannesson	Þorkell Björnsson
Birna Jóhannesdóttir	Þórey Agnarsdóttir
Hafsteinn H. Gunnarsson	María Markúsdóttir
Steinn Karlsson	Þórir V. Þórisson
Kristín Halldórsdóttir	